

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs
kórónuveiru (meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar
(PállM, BÁ, BjG, GuðmT, SPÁ, ÞorbG, ÞórP).

1. 1. gr. orðist svo:
Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að miðla upplýsingum sem fram koma í dánarvottorði rafrænt í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerð skal mælt fyrir um almenn skilyrði varðandi vinnslu og tegund gagna og upplýsinga, til hvaða stofnana sé heimilt að miðla persónuupplýsingum og í hvaða tilgangi, auk fyrirmæla um öryggi og verklag við vinnslu.
2. Í stað orðanna „í gegnum síma eða fjarfundabúnað“ í 3. gr. og 1. mgr. 7. gr. komi: í síma eða á fjarfundi.
3. Við 5. gr.
 - a. Á eftir orðunum „61. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. komi: og 1. mgr. 62. gr.
 - b. Í stað orðanna „í gegnum fjarfundabúnað“ í 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. komi: á fjarfundi.
 - c. Í stað orðanna „í gegnum fjarfundabúnað í hljóði og mynd“ í 2. másl. 1. mgr. og 3. másl. 2. mgr. komi: á fjarfundi með hljóði og mynd.
 - d. Á eftir orðinu „allir“ í 1. másl. 2. mgr. komi: viðkomandi aðilar.
4. Við 6. gr.
 - a. Í stað orðanna „í gegnum fjarfundabúnað“ í 1. másl. 1. mgr. komi: á fjarfundi.
 - b. Á eftir orðinu „allir“ í 1. másl. 1. mgr. komi: viðkomandi aðilar.
 - c. Í stað orðanna „í gegnum fjarfundabúnað í hljóði og mynd“ í 3. másl. 1. mgr. komi: á fjarfundi með hljóði og mynd.
5. Við 7. gr.
 - a. Á eftir orðinu „allir“ í 1. mgr. komi: viðkomandi aðilar.
 - b. Í stað orðanna „byggja á“ í 2. mgr. komi: fylgja ákvæðum.
6. Í stað orðanna „byggja á“ í 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. komi: fylgja ákvæðum.
7. Efnismálsgrein 9. gr. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 6. gr., 3. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 10. gr. skal gildistími leyfis sem rennur út á tímabilinu fram til 1. október 2020 og ekki reynist unnt að framlengja sökum hindrunar sem ekki byggist á atvikum er varða málsaðila sjálfan framlengjast til 1. desember 2020.
8. 1. mgr. 10. gr. falli brott.

9. Við 11. gr.
 - a. 1. mgr. falli brott.
 - b. Orðin „á grundvelli laganna“ í 2. mgr. falli brott.
10. Við 12. gr.
 - a. 1. mgr. falli brott.
 - b. Í stað orðanna „á grundvelli laganna frá 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020“ komi: fram til 1. október 2020.
 - c. 3. mgr. orðist svo:

Ljúki fresti skv. 2. mgr. 27. gr., 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 66. gr. og ekki reynist unnt að halda áfram aðgerðum í tengslum við nauðungarsölu sökum hindrunar sem ekki byggist á atvikum er varða málsaðila framlengist fresturinn um 60 daga frá þeim degi er hindruninni lauk.
11. Fyrirsögn frumvarpsins verði: **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila framlengingu fresta og rafræna meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.**